

# EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 7

4. árgangur

13.2.1997

## I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

## II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

97/EES/7/01 Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 112/96/COL frá 11. september 1996 um tíundu .....  
breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar” ..... 1

97/EES/7/02 Tilkynning eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um  
eftirlitsstofnun og dómstól til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja EB og hagsmunaaðila um aðstoð  
vegna fjármögnunar norskra stjórnvalda á Arcus-samstæðunni. .... 5

### 3. EFTA-dómstóllinn

97/EES/7/03 Mál höfðað þann 5. desember 1996 af Paul Inge Hansen gegn eftirlitsstofnun EFTA  
(Mál E-7/96) ..... 14

## III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/7/04 Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni  
(Mál nr. IV/36.365: NEC + Packard Bell + Bull) ..... 17

97/EES/7/05 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.802 - Telecom/Eireann) ..... 18

97/EES/7/06 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.862 - AXA/UAP) ..... 18

<b>97/EES/7/07</b>	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 37/96 - Þýskaland .....	19
<b>97/EES/7/08</b>	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 53/96 - Þýskaland .....	19
<b>97/EES/7/09</b>	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 17/91 - Ítalía .....	19
<b>97/EES/7/10</b>	Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki .....	20
<b>97/EES/7/11</b>	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á auglýsingu frá 3. september 1986 um minniháttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans .....	21
<b>97/EES/7/12</b>	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	22

### 3. Dómstóllinn

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

### Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 112/96/COL frá 97/EES/7/01 11. september 1996 um tíundu breytingu á „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”

#### EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

hefur breytt „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar”<sup>(1)</sup>, sem voru samþykktar 19. janúar 1994<sup>(2)</sup> og síðast breytt 15. maí 1996<sup>(3)</sup>, svo sem hér segir:

1. Í stað 10. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð komi eftirfarandi:

#### „10. Aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki (LMF)”<sup>(4)</sup>

- 1) Reglurnar í þessum kafla eiga ekki við um áætlanir sem þegar höfðu verið heimilaðar daginn sem þær voru samþykktar. Slíkar áætlanir má þó endurskoða samkvæmt 1. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól<sup>(5)</sup>.
- 2) Reglurnar í þessum kafla gilda um aðstoð sem veitt er LMF í öllum iðngreinum, nema þeim sem lúta sérstökum iðngreinaeigum. Öll aðstoð sem veitt er LMF í þessum atvinnugreinum heyrir undir reglur sem eiga við um hverja grein. Slíkar reglur gilda nú um stál-, skipasmíða-, gerviefna- og bílaiðnað, sem og flutningastarfsemi.

#### 10.1 INNGANGUR

- 1) LMF gegna lykilhlutverki í atvinnusköpun og stuðla almennt að félagslegum stöðugleika og efnahagslegum uppgangi. Almennt er viðurkennt að ýmis konar annmarkar há LMF sem kunna að hefta uppbyggingu þeirra. Einn slíkra annmarka eru erfiðleikar við að útvega fjármagn og lán, sem einkum má rekja til ófullkominna upplýsinga, tregðu fjármagnsmarkaðarins við að taka áhættu og takmarkaðra ábyrgða sem LMF geta veitt. Takmarkað fjármagn LMF hindrar aðgang þeirra að upplýsingum, einkum um nýja tækni og hugsanlega markaði. Innleiðsla nýrra laga og reglugerða hefur oft í för með sér hærri kostnað fyrir LMF. Annmarkar markaðarins sem takmarka æskilega félagslega þróun LMF réttlæta jákvæða afstöðu stofnunarinnar

gagnvart ríkisaðstoð til LMF, að því tilskildu að hún hafi ekki svo óhagstæð áhrif á viðskipta-skilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, sbr. 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

- 2) 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins kveður á um almennt bann, með ákveðnum undantekningum, við „*hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ... að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila...*”. Ríkisaðstoð við LMF fellur alla jafna undir þetta ákvæði. Slík aðstoð er tilteknum fyrirtækjum til hagsbóta, ólíkt almennum aðgerðum sem kunna að koma öllum fyrirtækjum í atvinnulífínu til góða. Hún kann að hafa áhrif á viðskipti innan EES vegna þess að mörg LMF flytja út hluta framleiðslu sinnar og vegna þess að í flestum atvinnugreinum gerir styrkt staða LMF á staðbundnum eða innlendum markaði öðrum framleiðendum annars staðar á EES erfiðara um vik að komast inn á þann markað.
- 3) Nokkur LMF, og tiltekin mjög lítil fyrirtæki, annast þó starfsemi sem felur ekki í sér viðskipti milli þeirra sem aðild eiga að EES-samningnum (sem t.d. annast staðbundna þjónustu). Aðstoð til þeirra vegna þess háttar starfsemi fellur utan gildissviðs 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 4) Hvers kyns aðstoð við fyrirtæki kann að raska samkeppni; en ekki hefur öll aðstoð merkjanleg áhrif á viðskipti og samkeppni innan EES. Þetta á einkum við ef fjárhæð aðstoðar sem um ræðir er lág, þrátt fyrir að almenna reglan sé sú að slík aðstoð er ekki eingöngu ætluð LMF. Reglan um minniháttar aðstoð<sup>(6)</sup> kveður á um viðmiðunarfjárhæð og gildir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ekki um aðstoð sem er undir henni og hana þarf ekki að tilkynna fyrirfram til eftirlitsstofnunarinnar, sbr. 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(1)</sup> Hér á eftir vísað til sem leiðbeininganna um ríkisaðstoð.

<sup>(2)</sup> Stjótt. EB nr. L 231, 3. 9. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 32, 3. 9. 1994.

<sup>(3)</sup> Þar sem innleidd er ný regla um minniháttar ríkisaðstoð (hefur enn ekki verið birt).

<sup>(4)</sup> Þessi kafli samsvarar leiðbeiningum bandalagsins um ríkisaðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem framkvæmdastjórnin samþykkti þann 20. mars 1996 (Stjótt. EB nr. C 213, 23. 7. 1996, bls. 4). Leiðbeiningar bandalagsins verða endurskoðaðar eftir að hafa verið í gildi í þrjú ár og verður breytt ef þörf krefur.

<sup>(5)</sup> Sjá 7. kafla þessara leiðbeininga.

<sup>(6)</sup> Sjá 12. kafla þessara leiðbeininga.

## 10.2 SKILGREINING Á LMF

- 1) Í þessum leiðbeiningum er LMF skilgreint<sup>(7)</sup> sem fyrirtæki með:
  - færri en 250 starfsmenn<sup>(8)</sup>, og
  - annaðhvort
    - árlega veltu<sup>(9)</sup><sup>(10)</sup> sem ekki er yfir 40 milljónum ECU, eða
    - niðurstöðutölur efnahagsreiknings sem fara ekki yfir 27 milljónir ECU, og
  - uppfylla skilyrði um sjálfstæði sem skilgreint er hér á eftir.
- 2) Þar sem nauðsynlegt er að greina á milli „lítila“ og „meðalstórra fyrirtækja“, er „lítið“ fyrirtæki skilgreint sem fyrirtæki með:
  - færri en 50 starfsmenn, og
  - annaðhvort
    - árlega veltu sem ekki er yfir 7 milljónum ECU, eða
    - niðurstöðutölur efnahagsreiknings sem fara ekki yfir 5 milljónir ECU, og
  - uppfylla skilyrði um sjálfstæði sem skilgreint er hér á eftir.

<sup>(7)</sup> Í samræmi við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1996 um skilgreiningu á LMF, Stjtið. EB nr. L 107, 30. 4. 1996, bls. 4. Framkvæmdastjórnin mun breyta hámarksupphæðunum fyrir heildarveltu eða niðurstöður efnahagsreiknings eftir því sem þörf krefur og alla jafna fjórða hvert ár frá samþykki þessara tilmæla til að taka mið af breyttum aðstæðum í bandalaginu.

<sup>(8)</sup> Fjöldi starfsmanna svarar til fjölda vinnueininga á ári (ársverka), þ.e. fjölda launþega sem ráðnir eru í fullt starf í eitt ár, en hlutastarf og árstíðabundið starf reiknast sem einingabrot. Árið sem miðað er við er næstlíðið uppgert fjárhagsár.

<sup>(9)</sup> „Veltan“ sem hér er vísað til er „hrein velta“ eins og hún er skilgreind í 28. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins um félagarétt (gerðin sem vísað er til í 4. lið XXII. viðauka við EES-samninginn) um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð (Stjtið. EB nr. L 222, 14. 8. 1978, bls. 11), eins og henni var síðast breytt með tilskipun 94/8/EB (Stjtið. EB nr. L 82, 25. 3. 1994, bls. 33), þ.e.a.s. „fjárhæðir sem til eru komnar vegna sölu á vörum og þjónustustarfsemi sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækisins, að frádrægunum söluafslætti og virðisaukaskatti og öðrum sköttum sem beint tengjast veltunni“.

<sup>(10)</sup> Ef fyrirtæki fer yfir eða niður fyrir hámarksfjölda starfsmanna eða fjárhagsleg viðmið á uppgjorsdegi leiðir það til þess að það fær eða missir stöðuna „LMF“, „meðalstórt fyrirtæki“, „lítið fyrirtæki“ eða „mjög lítið fyrirtæki“ (færri en tíu starfsmenn) en aðeins ef þetta fyrirbæri endurtekur sig tvö fjárhagsár í röð. Hámark fyrir veltu og heildaruppgjör er síðasta samþykktá tólf mánaða reikningstímabil. Ef um er að ræða nýstofnað fyrirtæki þar sem reikningar hafa ekki verið samþykktir skal hámarkið miðast við áreiðanlegt mat sem fram fer á fjárhagsárinu.

- 3) Fyrirtækið telst óháð nema 25% eða meira af fjármagni eða atkvæðisrétti sé í eigu fyrirtækis sem ekki fellur undir skilgreininguna á LMF eða á litlu fyrirtæki, eftir því sem við á, eða í sameiginlegri eigu nokkurra slíkra fyrirtækja. Leyfilegt er að fara yfir þetta hámark í tveimur tilvikum:
  - ef fyrirtækið er í eigu fjárfestingarfélaga í almenningseign, áhættufjárfestingarfélaga eða fjárfestingarstofnana, að því tilskildu að þessar stofnanir hvorki einar sér né sameiginlega fari með yfirráð yfir fyrirtækinu,
  - ef fjármagn dreifist á þann hátt að ekki er unnt að ákvarða í hverra eigu hlutirnir eru og ef fyrirtækið lýsir því yfir að það geti réttilega gert ráð fyrir að 25% eða meira sé ekki í eigu eins fyrirtækis eða sameiginlega í eigu nokkurra fyrirtækja sem ekki falla undir skilgreininguna á LMF eða litlu fyrirtæki, eftir því sem við á.
- 4) Skilyrðin þrjú (vinnuafli, velta eða niðurstöður efnahagsreiknings, og sjálfstæði) eru uppsöfnuð og þeim verður öllum að vera fullnægt. Skilyrðið um sjálfstæði, sem kveður á um að stór fyrirtæki megi ekki eiga 25% eða meira af fjármagni lítils eða meðalstórs fyrirtækis, byggist á venju í mörgum EES-ríkjum þar sem þessi prósentutala er það hámark sem eftirlit miðast við. Til að tryggja að eingöngu raunverulega óháð LMF komi til greina verður að vera leið til að útiloka löglegar samfylkingar LMF sem hafa miklu sterkari markaðsstöðu en eitt einstakt lítið eða meðalstórt fyrirtæki. Við útreikning á hámarksviðmiðunum sem um getur hér að framan er því nauðsynlegt að safna saman viðeigandi tölum fyrir fyrirtækið sem þiggur aðstoð og fyrir öll fyrirtæki sem beint eða óbeint eiga 25% eða meira af fjármagni eða atkvæðarétti.

## 10.3 SKILYRÐIN SEM TEKID ER MIÐ AF VIÐ MAT Á AÐSTOÐ

### 10.3.1 Almennar meginreglur

- 1) Stofnunin getur talið að aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. ef hún er ætluð „til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins ... enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum“. Til að ríkisaðstoð teljist undanþáguhæf samkvæmt þessu ákvæði verður hún í fyrsta lagi að hafa hvetjandi áhrif: Hún má ekki undir neinum kringumstæðum eingöngu leiða til þess að kostnaður sem fyrirtækið þarf alla jafna að bera, lækki varanlega eða tímabundið, á meðan ástandið er að öðru leyti óbreytt eins og þegar um rekstraraðstoð er að ræða<sup>(11)</sup>, og aðstoðin verður að vera nauðsynleg til að ná markmiðum sem markaðsöflin ein og sér tryggja ekki. Sett markmið verða að varða almenna hagsmuni. Að lokum verður aðstoðin að vera í réttu hlutfalli við þá annmarka sem ráða þarf bug á
- <sup>(11)</sup> Í vissum undantekningartilvikum er heimilt að veita rekstraraðstoð á svæðum sem eiga rétt á aðstoð samkvæmt a- og c-lið 3. mgr. 61. gr. Sjá 28. kafla þessara leiðbeininga.

til að tryggja þjóðhagfræðilegan ávinning sem talinn er æskilegur með hliðsjón af almennum hagsmunum: Jákvæðu áhrifin verða að vega upp á móti skaðlegu áhrifunum sem ríkisaðstoð hefur á samkeppni og viðskipti.

### 10.3.2 Tilgangur aðstoðarinnar og leyfilegur styrkleiki

#### 10.3.2.1 Efnisleg fjárfesting

- 1) Efnisleg „fjárfesting“ er skilgreind<sup>(12)</sup> sem fjárfesting í fastafjármunum:
  - „við stofnun nýs fyrirtækis, stækkun á starfandi fyrirtæki eða við að hefja starfsemi sem felur í sér grundvallarbreytingu á framleiðslu eða framleiðsluferli í starfandi fyrirtæki (í formi hagræðingar, endurskipulagningar eða endurnýjunar)“, eða
  - „við yfirtöku á fyrirtæki sem hefur hætt störfum eða fyrirtæki hefði hætt störfum ef slík yfirtaka hefði ekki átt sér stað.“
- 2) Reikna skal styrkleika aðstoðar með hliðsjón af styrkhæfum kostnaði, þ.e.a.s. raunverulegum kostnaði vegna lands, bygginga og véla. Við yfirtöku á fyrirtæki skal taka mið af söluverði þessara fjármuna.
- 3) Utan svæða sem eiga rétt á svæðisaðstoð<sup>(13)</sup> getur eftirlitsstofnunin veitt undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. vegna aðstoðar við LMF þar sem styrkleiki aðstoðar, mælt í styrksígildi fyrir skatt<sup>(14)</sup> sem hlutfall af kostnaði sem um getur í síðustu málsgrein, fer ekki yfir 15% fyrir lítíl fyrirtæki og 7,5% fyrir meðalstór fyrirtæki.
- 4) Á svæðum sem njóta aðstoðar getur stofnunin heimilað aðstoð við LMF umfram heimilað hámark svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar til stórra fyrirtækja á sama svæði sem nemur:
  - tíu prósentustigum brúttó á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að samanlögð aðstoð fari ekki yfir 30% nettó,
  - 15 prósentustigum brúttó á svæðum sem falla undir a-lið 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að samanlögð aðstoð fari ekki yfir 75% nettó.
- 5) Þar sem EFTA-ríki gerir tillögu um fjármögnun á öðrum kostnaði en styrkhæfum kostnaði sem skilgreindur er hér að framan, verður að reikna út aðstöðina að nýju á grundvelli styrkhæfa kostnaðarins<sup>(15)</sup>. EFTA-ríkjunum er einnig frjálst að heimila aðstoð innan þeirra marka sem leyfð eru samkvæmt reglunni um minniháttar aðstoð vegna kostnaðar sem ekki er styrkhæfur samkvæmt skilgreiningunum í þessum leiðbeiningum.

<sup>(12)</sup> Í samræmi við 11. mgr. 25. kafla þessara leiðbeininga.

<sup>(13)</sup> Sjá 28. kafla í þessum leiðbeiningum.

<sup>(14)</sup> Þ.e. nafnvirði styrkja (fyrir skatt) og núvirði vaxtaniðurgreiðslna fyrir skatt sem hlutfall af fjárfestingarkostnaði. Nettótölur eru eftir skatt.

<sup>(15)</sup> Þessi regla gildir ekki um styrkhæfan kostnað fyrir flokka aðstoðar sem lýst er hér að neðan.

#### 10.3.2.2 Óefnislegar fjárfestingar í formi miðlunar á tækniþekkingu

- 1) Stofnunin tekur jákvæða afstöðu gagnvart aðstoð til rannsókna og þróunar (R&P). Hugtakið aðstoð vegna þjálfunar og ráðgjafar tekur því til aðstoðar sem ætluð er til að hvetja LMF til að nota nútímatækni sem þau geta ekki sjálf þróað með því að heimila takmarkaða aðstoð í tengslum við miðlun tækniþekkingar frá rannsóknarstofum eða öðrum fyrirtækjum til LMF. Ójöfn staða leyfisveitenda og leyfishafa hvað varðar aðgengi að upplýsingum um nýja tækniþekkingu og aðrir markaðsannmarkar í tengslum við tæknimiðlun, sem og sú staðreynd að kostnaður við að afla ákveðinnar tækniþekkingar eða kunnáttu er svo til óafturkræfur, kann að réttlæta opinberan styrk til LMF vegna útgjalda á þessu sviði og jafnframt draga úr röskun á samkeppni sem slík aðstoð hefur. Fyrir LMF sem eru utan svæða sem eiga rétt á svæðisaðstoð getur eftirlitsstofnunin því heimilað aðstoð sem fer ekki yfir eftirfarandi brúttó-styrkleika, sem er mældur sem hlutfall af kostnaði við kaup á einkaréttindum, leyfum, kunnáttu eða tækniþekkingu sem ekki er með einkaleyfi<sup>(16)</sup>: 15 % fyrir lítíl fyrirtæki og 7,5 % fyrir meðalstór fyrirtæki.
- 2) Á svæðum sem njóta aðstoðar getur stofnunin heimilað aðstoð við LMF umfram heimilað hámark svæðisbundinnar fjárfestingaraðstoðar til stórra fyrirtækja á sama svæði sem nemur:
  - tíu prósentustigum brúttó á svæðum sem falla undir c-lið 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að samanlögð aðstoð fari ekki yfir 30% nettó,
  - 15 prósentustigum brúttó á svæðum sem falla undir a-lið 3. mgr. 61. gr., að því tilskildu að samanlögð aðstoð fari ekki yfir 75% nettó.

#### 10.3.2.3 Ráðgjafarþjónusta, þjálfun og miðlun þekkingar

- 1) Alla jafna er aðstoð upp að 50% brúttó heimiluð vegna ráðgjafarþjónustu sem utanaðkomandi ráðgjafar veita nýjum eða eldri LMF eða vegna þjálfunar á starfsfólki þeirra á sviði stjórnunar, fjármála, nýrrar tækni (einkum upplýsingatækni), mengunareftirlits, verndar á hugverkarétti eða skyldra sviða, eða við að meta möguleika nýrra verkefna. Samt skal meta hverja aðstoðaráætlun fyrir sig með sérstöku tilliti til fjarlægðar viðkomandi starfsemi frá markaðinum, og með tilliti til fjárhæðamarka fyrir hvert fyrirtæki, möguleika á uppsöfnun og aðra viðeigandi þætti. Í sérstökum undantekningartilvikum getur eftirlitsstofnun EFTA leyft meiri aðstoð en 50%. Svæði sem njóta aðstoðar eru eitt slíkt tilvik. Aðstoð vegna almennra upplýsinga-herferða má einnig vera hærri sé fjárhagslegur ávinningur einstakra fyrirtækja hlutfallslega lítill.

<sup>(16)</sup> Reglurnar hér á eftir gilda ekki um kostnað vegna kaupa á einkaréttindum, leyfum, o.s.frv. sem er hluti af styrkhæfum kostnaði vegna R&P-verkefnis styrkþega í samræmi við 4. undirlit 1. liðar í 14.6 í þessum leiðbeiningum og sem fellur undir leyfileg styrkhlutföll fyrir viðkomandi R&P-verkefni.

2) Mikilvægt er að tilgreina að slíkar ráðstafanir taka ekki til:

aðstoðar sem tengist fjárfestingum sem hægt er að færa í eignarlið í efnahagsreikningi fyrirtækisins sem óefnislegar eignir (kostnaður vegna R&P, sérleyfa, einkaleyfa, leyfa o.s.frv.) sem fjallað er um í 10.3.2.2 og 10.3.2.6, eða

samfelldrar eða reglubundinnar aðstoðar sem ekki hefur hvetjandi áhrif og tengist eðlilegum rekstrargjöldum fyrirtækisins (venjubundin skattaráðgjöf, lögfræðipjónusta, auglýsingar o.s.frv.).

**10.3.2.4 Aðstoð vegna eigendaskipta á LMF**

- 1) Eftirlitsstofnunin viðurkennir vandamál LMF, einkum fjölskyldufyrirtækja, sem eru tilneydd að hætta viðskiptum vegna ófyrstíðanlegra erfiðleika við eigendaskipti á þeim. Ef kaupandi er einnig LMF er heimilt að veita því aðstoð við yfirtökuna í samræmi við reglurnar um aðstoð í tengslum við efnislegar fjárfestingar í 10.3.2.1 hér að framan.

**10.3.2.5 Aðstoð vegna umhverfisverndar**

- 1) Aðstoð vegna umhverfisverndar er metin á grundvelli reglnanna í 15. kafla þessara leiðbeininga. Umhverfisverndaraðstoð við LMF má vera allt að tíu prósentustigum brúttó hærri en aðstoð sem almennt er heimiluð þegar um er að ræða stór fyrirtæki.

**10.3.2.6 Aðstoð vegna R&P**

- 1) Aðstoð vegna R&P er metin á grundvelli reglnanna í 14. kafla þessara leiðbeininga. R&P-aðstoð til LMF má vera tíu prósentustigum brúttó hærri en aðstoð sem almennt er heimiluð þegar um er að ræða stór fyrirtæki.

**10.3.2.7 Aðstoð vegna atvinnusköpunar**

- 1) Aðstoð vegna atvinnusköpunar er metin á grundvelli reglnanna í 18. kafla þessara leiðbeininga. Einkum tekur eftirlitsstofnunin jákvæða afstöðu gagnvart aðstoð til að skapa ný störf í LMF.

**10.3.2.8 Aðstoð í öðrum tilgangi**

- 1) Flestar aðstoðaráætlanir fyrir LMF sem eru tilkynntar eftirlitsstofnuninni falla undir flokkana sem taldir eru upp hér að framan. Þó getur eftirlitsstofnunin heimilað aðstoð í öðrum réttlætanlegum tilvikum sem stuðla að eflingu LMF, svo sem með því að hvetja til samvinnu þeirra, eða vegna aðgerða til að varðveita menningu og menningararfleyp, að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.”

Gjört í Brussel 11. september 1996

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

**Knut ALMESTAD**

Forseti.

**RÍKISAÐSTOÐ  
(95-021 Noregur)****97/EES/7/02**

**Tilkynning eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól til annarra EFTA-ríkja, aðildarríkja EB og hagsmunaaðila um aðstoð vegna fjármögnunar norskra stjórnvalda á Arcus-samstæðunni.**

Með ákvörðun 194/96/COL frá 30. október 1996, en meginefni hennar er rakið hér á eftir, hóf eftirlitsstofnun EFTA málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Eintak af ákvörðuninni hefur verið sent norskum stjórnvöldum til upplýsinga.

**“I. MÁLSATVIK****Kvörtunin**

Með bréfi dagsettu 22. desember 1995 (tilv. 95-7344 A) barst eftirlitsstofnun EFTA kvörtun um mat á eignum sem fluttar voru frá A/S Vinmonopolet (Áfengiseinkasalan) til Arcus-samstæðunnar<sup>(1)</sup>.

Umkvörtunaraðili áltur að eignir hafi trúlega verið vanmetnar um 1,5 milljarða NOK í upphafsjöfnuði Arcus-samstæðunnar. Þessi fjárhæð er talin samsvara fjárhagslegum hagnaði sem nemur 150 milljónum NOK á ári. Umkvörtunaraðili óttast að þessi meinti hagnaður kunni að vera notaður til að undirbjóða verð sem erlendir framleiðendur bjóða á norska markaðinum, á útflutningsmarkaðinum og á sama hátt í samkeppni við aðra heildsala á norska markaðinum. Þetta kunni að leiða til þeirrar stöðu að keppinautar Arcus-samstæðunnar verði í framtíðinni útilokaðir frá jafnri samkeppni og þar með frá aðgangi að norska markaðinum fyrir dreifingu á áfengum drykkjum.

Arcus-samstæðan á einnig eftir að hafa með höndum aðra atvinnustarfsemi, m.a. lyfjadreifingu. Því telur umkvörtunaraðili að efnahagsleg áhrif takmarkist ekki við framleiðslu og dreifingu á áfengum drykkjum.

Umkvörtunaraðili bendir á að keppinautar Arcus-samstæðunnar (bæði erlendir framleiðendur og heildsalar sem eru með staðfestu í Noregi) verði að greiða andvirði markaðsverðs fyrir alla fjármuni sína - þar með taldar eignir og framleiðslubúnað, á meðan Arcus-samstæðan þurfi þess ekki, þar sem ekki sé gerð sú krafa til félagsins að það skili eðlilegum hagnaði af raunvirði eigna. Umkvörtunaraðili telur því að fjármögnun norskra stjórnvalda á Arcus-samstæðunni feli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

**Forsaga**

Norska þingið ákvað 13. júní 1995, sem andsvar við rökstuddu áliti eftirlitsstofnunarinnar frá 30. desember 1994 m.a., að aðskilja framleiðslu- og dreifingarstarfsemi A/S Vinmonopolets frá smásölueinkasölu og afnema einkarétt á innflutningi, útflutningi og heildsölu á áfengum drykkjum. Fyrirhugað var að gera úrbætur til að binda enda á brot sem bent var á í rökstudda álitinu fyrir árslok 1995.

Engu að síður höfðu atvinnurekendur samband við eftirlitsstofnunina árið 1995 til að láta í ljós áhyggjur sínar af nýju löggjöfinni og markaðsskipulagningunni. Eftirlitsstofnunin fór fram á við norsk stjórnvöld með bréfi frá 23. nóvember 1995 (tilv. 95-6773 D) að þau létu henni í té nákvæmar upplýsingar um lagaleg málefni og stjórnsýslulegar breytingar. Í bréfinu voru einnig látnar í ljós áhyggjur af þeim úrbótum sem voru í undirbúningi og einkum var athygli norskra stjórnvalda vakin á samkeppnisreglunum í 53. til 64. gr. EES-samningsins.

Í bréfi frá 6. desember 1995 (tilv. 95-6989 D) upplýsti eftirlitsstofnunin norsk stjórnvöld um að henni hefðu borist upplýsingar um að hugsanlega stæði til að veita Arcus-samstæðunni opinbera aðstoð. Í bréfinu voru norsk stjórnvöld minnt á þá skyldu EFTA-ríkjanna að tilkynna eftirlitsstofnuninni um allar áætlanir um að veita eða breyta styrkjum með nægum fyrirvara til þess að hún gæti gert athugasemdir og yrði misbrestur á yrði hvers kyns aðstoð talin ólögmat sem gæti leitt til þess að eftirlitsstofnunin krefðist þess að aðstoðin yrði endurheimt. Í bréfinu var einnig bent á hvers konar upplýsingar eftirlitsstofnunin teldi skipta máli svo hún gæti kannað hvort um ríkisaðstoð væri að ræða.

<sup>(1)</sup> Arcus-samstæðan er mynduð af eignarhaldsfélaginu Arcus AS og tveimur dótturfyrirtækjum sem eru að öllu leyti í eigu þess: Arcus Produkter AS og Arcus Distribusjon AS.

Norsk stjórnvöld svöruðu með bréfi dagsettu 4. janúar 1996 (tilv. 96-11 A) að þau litu ekki svo á að eignir sem hefðu verið teknar yfir af Arcus-samstæðunni hefðu verið vanmetnar og því væri þeim á engan hátt skylt að tilkynna það eftirlitsstofnuninni. Þó skuldbundu norsk stjórnvöld sig til að veita eftirlitsstofnuninni nánari upplýsingar um málið.

Þessa skuldbindingu uppfylltu stjórnvöld með bréfi dagsettu 11. mars 1996 (tilv. 96-1362 A) þar sem eftirlitsstofnunin fékk eintak af trúnaðarskýrslu sem unnin var af Deloitte & Touche (hér á eftir kölluð D&T-skýrslan) um mat og gerð upphafsjafræðnaðar fyrir aðskilnað frá A/S Vinmonopolet<sup>(2)</sup>.

Eftirlitsstofnunin tilkynnti norskum yfirvöldum með bréfi 1. apríl 1996 (tilv. 96-1374 D) um kvörtunina sem um getur í þessari ákvörðun með eintaki af kvörtuninni og gaf þeim kost á að gera athugasemdir við staðhæfingar umkvörtunaraðilans. Í sama bréfi bað eftirlitsstofnunin Noreg um að veita frekari upplýsingar. Svarbréf norskra yfirvalda barst 22. maí 1995 (tilv. 96-2662 A).

### Arcus-samstæðan

A/S Vinmonopolet stofnsetti fyrirtækjasamstæðuna Arcus í september 1995.

Við mat á A/S Vinmonopolet var tekið mið af áformuðum aðskilnaði og tilfærslu á því sem í aðalatriðum var rekstrardeild A/S Vinmonopolets til Arcus-samstæðunnar. Hlutfé A/S Vinmonopolets og öðru eigin fé var skipt í hlutfalli við virði eigna sem áttu að verða eftir í smásölueinkasölunni og eigna sem átti að aðskilja. Á grundvelli matsins á þeim eignum sem átti að flytja til Arcus-samstæðunnar var ákveðið að niðurfæra hlutfé A/S Vinmonopolets um 700 milljónir NOK. Fyrirnefndar eignir voru fluttar til Arcus-fyrirtækjanna í skiptum fyrir hlutfé. Bókfært virði Arcus-samstæðunnar var metið á 357 milljónir NOK. Formlegur aðskilnaður frá A/S Vinmonopolet átti sér stað 2. janúar 1996 þegar hlutfé Arcus AS var flutt frá A/S Vinmonopolet til iðnaðar- og orkumálaráðuneytisins. Upphafsjöfnuður Arcus-samstæðunnar (í milljónum NOK) er sýndur hér á eftir<sup>(3)</sup>.

	ARCUS Produkter AS	ARCUS Distribusjon AS	ARCUS AS	(Niður- færsla)	ARCUS AS
Samstæðu-reikningar					
Eignir:					
Veltufjármunir.....	318	168	154	0	640
Fastafjármunir.....	65	101	212	(203)	175
Eignir samtals.....	383	269	366	(203)	815
Skuldir:					
Skammtímaskuldir.....	78	93	4	0	175
Langtímaskuldir.....	34	23	0	0	57
Endurskipulagningarkostnaður.....	104	117	5	0	226
Eigið fé:					
Hlutfé .....	67	14	203	(81)	203
annað eigið fé.....	100	22	154	(122)	154
Skuldir samtals og eigið fé:	383	269	366	(203)	815

Norsk stjórnvöld viðurkenndu<sup>(4)</sup> að endurskipuleggja þyrfti nýju fyrirtækin eftir 70 ára einokunaraðstöðu. Í rekstraráætlunum fyrirtækjanna er því m.a. gert ráð fyrir að draga úr starfsmannahaldi um 250 ársverk. Tiltekinn endurskipulagningarkostnaður var tilgreindur í reikningum A/S Vinmonopolets fyrir 1995 og fengu Arcus-fyrirtækin fjármagn frá A/S Vinmonopolet að fjárhæð 226 milljónir NOK til að mæta kostnaði við endurskipulagningu.

<sup>(2)</sup> Skýrsla sem fyrirtækið Deloitte & Touche samdi fyrir félags- og heilbrigðisráðuneytið, Osló, 25. september 1995.

<sup>(3)</sup> Tillaga Stórbingsins nr. 11 1995-96, bls. 7.

<sup>(4)</sup> Tillaga Stórbingsins nr. 11 1995-96, bls. 6, liður 3.1.2 Þörf á endurskipulagningu.



Fyrirtækin í Arcus-samstæðunni eru óháð hlutafélög; hvert með sérstaka stjórn. Samkvæmt norskum yfirlöndum taka innri kostnaðarskiptingaraðferðir til leigu á skrifstofum og framleiðsluáðstöðu sem og alls annars kostnaðar.

Engin leyfi fyrir dreifingu, útflutningi eða innflutningi á áfegnum drykkjum höfðu enn verið gefin út þann 1. janúar 1996. Þegar Arcus Distribusjon AS hóf starfsemi sína 1996 var fyrirtækið því í raun og veru í einokunaraðstöðu um tíma<sup>(5)</sup>. Aðrir markaðsaðilar hafa fengið réttindi til að annast innflutning, útflutning og dreifingu á áfengum drykkjum á árinu 1996. Arcus Distribusjon AS er þó enn langstærsti aðilinn á norska markaðinum hvað varðar dreifingu á víni og brenndum drykkjum. Arcus Produkter AS hefur einkarétt til að framleiða brennda drykki í Noregi.

#### **Athugasemdir og aðrar upplýsingar frá norskum yfirlöndum**

Norsk yfirlönd hafa í bréfaskiptum sínum við eftirlitsstofnunina veitt nánari skýringar og upplýsingar um matið og viðskiptin sem um getur hér að framan.

Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið annaðist aðskilnað Arcus-samstæðunnar frá A/S Vinmonopolet í samráði við stýrihóp sem í voru fulltrúar þriggja annarra ráðuneyta.

Heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið, sem þá var þar til bært yfirvald, fól endurskoðunarfyrirtækinu Deloitte and Touche að annast matið á A/S Vinmonopolet. Norsk yfirlönd fullyrða að fyrirtækið hafi fengið verkið í útboði sem mörg önnur óháð bókhalds- og ráðgjafarfyrirtæki tóku þátt í.

Aðferðin sem var valin til að meta A/S Vinmonopolet er kölluð afvaxtaða sjóðstreymiaðferðin. Norsk yfirlönd segja að allir tilboðsgjafar hafi ætlað að nota þessa aðferð. Auk þess benda þau á að heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið hafi ekki verið í aðstöðu til að meta niðurstöður útreikninga á afvöxtuðu sjóðstreymi fyrirfram og að aðferðin hafi því ekki verið valin til að finna út ákveðin gildi í upphafsjöfnuðinum.

#### **Forsendur fyrir útreikningi á afvöxtuðu sjóðstreymi voru einnig ræddar í stýrihópnum.**

Norsk yfirlönd segja að við val á matsaðferð hafi komið til greina að taka mið af söluvirði. Þau leggja áherslu á að notkun söluvirðis sé ekki það sama og mat sem grundvallast á skiptiaðferðinni. Talið er að ekki sé hægt að nota síðarnefndu aðferðina sem grundvöll til að ákvarða upphafsjöfnuð fyrirtækis, sbr. 2. til 4. gr. félagaréttar þar sem krafist er að hvers konar úthlutun á hlutum á annan hátt en fyrir reiðufé skuli metin á „raunvirði“.

Þrátt fyrir að áframhaldandi starfsemi hafi frá upphafi verið sett sem skilyrði fyrir aðskilnaðnum íhuguðu norsk yfirlönd að gera mat á fyrirtækinu sem grundvallaðist á að tiltekinni starfsemi yrði hætt. Ónauðsynlegur fastur búnaður og fylgihlutir yrðu til dæmis metnir á söluvirði. Þó hafði engin ákvörðun verið tekin um að loka hluta fyrirtækisins og því töldu yfirlönd að ekki væri kleift að taka hugsanlega endurskipulagningu til greina í upphafsjöfnuðinum.

Ennfremur telja norsk yfirlönd að mat á fyrirtæki sem eingöngu byggir á söluvirði hefði í öllu falli geta gefið ranga mynd af efnahagslegum raunveruleika. Hvers konar sala á hlutum A/S Vinmonopolets hefði haft í för með sér umtalsverðan kostnað og fjárhagslegar skuldbindingar. Vísað er til kostnaðar í tengslum við uppsagnir á starfsfólki, uppsagnir á samningum o.fl. sem taka verði með í reikninginn við mat á söluvirði fyrirtækis í rekstri.

Norsk yfirlönd staðhæfa að mat myndi fela í sér verulega óvissuþætti hvað varðar raunvirði Arcus AS, hvort sem það er byggt á söluvirði eða afvöxtuðu sjóðstreymi.

Afvaxtaða sjóðstreymiaðferðin var valin vegna þess að upphafsjöfnuðurinn var samþykktur á grundvelli áframhaldandi rekstrar og þar af leiðandi tekna í framtíðinni. Samkvæmt norskum yfirlöndum er eingöngu hægt að nota aðferðir sem byggja á bókhaldsniðurstöðum ef viðkomandi fyrirtæki hefur verið skráð á verðbréfaþingi og það telst sambærilegt við önnur fyrirtæki bæði hvað varðar áhættu og líklegan vöxt. Af augljósum ástæðum voru samanburðarupplýsingar ekki tiltækar og því var eðlilegt að velja afvöxtuðu sjóðstreymiaðferðina.

<sup>(5)</sup> Tillaga Stórþingsins nr. 51 1994-95, Tillaga að lögum um breytingar á áfengislögum (nýjar reglur um leyfi fyrir heildsölu á áfengum drykkjarvörum meðal annars) II. hluti.

Samkvæmt norskum yfirlöðum sýna útreikningarnir sem matið byggir á að markaðsvirðið (357 milljónir NOK) sé talsvert lægra en bókfært virði í reikningum A/S Vinmonopolets. Með öðrum orðum er þess ekki að vænta að sjóðstreymi í framtíðinni skili viðunandi ávöxtun af öllu bókfærðu virði þegar um er að ræða viðskiptastarfsemi við þær nýju markaðsaðstæður sem Arcus-samstæðan stendur frammi fyrir. Upphafsjöfnuður Arcus-fyrirtækjanna endurspeglar því skert eignavirði (700 NOK) sem leiðir af tapaðri markaðshlutdeild miðað við einokunaraðstöðu og aðlögun að nýjum rekstrarskilyrðum.

Einnig er vísað til yfirlýstra áforma norskra stjórnvalda um að halda niðri áfengisneyslu í Noregi til að draga sem verða má úr skaðlegum áhrifum mikillar áfengisneyslu. Vegna þessa óvissuþátta telja norsk yfirlöð að meta beri virði fyrirtækisins af varfærni.

Almennt telja norsk yfirlöð að útreikningur á virði verði að byggjast á hlutlægu mati þannig að það samsvari því sem þriðji aðili gæti verið reiðubúinn til að greiða fyrir það. Þó telja þau að í þessu tilviki eigi þetta ekki við. Niðurstöður þessa er að við útreikning á raunvirði var sýnd aðgætni í útreikningi og færslu eigna í upphafsjöfnuðinum. Viðskiptin, í þessu tilviki úthlutun hluta fyrir annan greiðslumiðil en reiðufé, áttu sér stað milli náinna aðila. Því telja þau að ekki sé til neitt áreiðanlegt mat um það hversu mikið þriðji aðili hefði verið tilbúinn að greiða fyrir fyrirtækin. Vísað er til 2.-4. gr. hlutafélagalaga, grundvallarhugtaks um varfærni við reikningsskil sem um getur í 31. gr. fjórðu tilskipunar ráðs ESB og óháðrar yfirlýsingar endurskoðanda í samræmi við 2. mgr. 2.-9. gr. í félagarétti.

Norsk yfirlöð komast að þeirri niðurstöðu að matið á Arcus-samstæðunni hafi verið gert í góðri trú á grundvelli mats óháðra ráðgjafa í samræmi þá aðferð sem markaðsfjárfestir hefði beitt við sambærilega fjárfestingu.

Norsk yfirlöð hafa þó að beiðni eftirlitsstofnunarinnar látið í té mat á uppgjörsvirði fyrirtækjanna og eigna sem nemur 387 milljónum NOK. Viðmiðunartölur sem uppgjörsvirði er byggt á eru sýndar hér að neðan:

Veltufjármunir.....	NOK	640	milljónir
Fasteignir.....	NOK	355	milljónir
Nettó söluvirði framleiðslutækja.....	NOK	70	milljónir
Eignir samtals .....	NOK	1'065	milljónir
Skammtímaskuldir.....	NOK	(175)	milljónir
Skuldbindingar vegna umhverfismála.....	NOK	(30)	milljónir
Veðlán.....	NOK	(27)	milljónir
Eignir samtals að frádregnum skuldum.....	NOK	833	milljónir
Uppsagnir o.s.frv. ....	NOK	(406)	milljónir
Annar kostnaður við skuldalúkningu.....	NOK	(40)	milljónir
Uppgjörsvirði.....	NOK	387	milljónir

Norsk stjórnvöld telja að uppgjörsvirði að fjárhæð 387 milljónir NOK sé ekki verulega frábrugðið upphafsjöfnuði Arcus á 357 milljónir NOK. Að teknu tilliti til óvissuþátta sem felast í útreikningum af því tagi og þess sem þau vísa til sem minniháttar mismunar á tvenns konar mati telja norsk yfirlöð að við flutning á eignum til Arcus-samstæðunnar hafi þau aðhafst á sambærilegan hátt og markaðsfjárfestir við svipaðar aðstæður.

Eignamatið hér að framan að fjárhæð 355 milljónir NOK byggir á mati á nettósöluvirði eignarinnar framkvæmt af óháðum matsmanni. Matsmaðurinn mat einnig hugsanlegar árstekjur af eignum á 75 milljónir NOK. Þess er getið í D&T-skýrslunni að metnar tekjur fyrirtækjanna leiði í ljós að þau gætu ekki risið undir slíkri leigu.

Framleiðslugeta nútímalegustu framleiðslustöðvanna, sem eru í Osló, nægir til að taka yfir framleiðslustarfsemina í Björgvin og Þrándheimi<sup>(6)</sup>. Það myndi því hafa í för með sér umtalsverðan sparnað að flytja framleiðslustarfsemina til Osló. Í slíku tilviki myndi Arcus einnig njóta hagnaðar af sölu, eða af leigutekjum af eignum í Björgvin og Þrándheimi. Samanlagt söluvirði þeirra er metið á 155 milljónir NOK.

<sup>(6)</sup> D&T- skýrslan, bls. 59.

Norsk yfirvöld lýsa því yfir að þörf sé á fastafjármunum Arcus-fyrirtækjanna til að halda áfram framleiðslu- og dreifingarstarfsemi og að engin áform séu nú um að selja mikilvæga fastafjármuni. Hinsvegar hafa þau látið eftirlitsstofnunina vita að til að selja fastafjármuni Arcus-samstæðunnar af hvaða tagi sem er, svo sem land og húseignir, verði að koma til ákvörðun stjórnarinnar og félagsfundar, sbr. 7.- 8. gr. og 8.- 20. gr. hlutafélagalaga, um að í þessu máli þarfnist Arcus AS ekki samþykkis ríkisstjórnarinnar og geti því ráðstafað afrakstri af hverskonar slíkri sölu að vild.

## II. MAT

### Gildissvið 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins

Í 1. mgr. 61. gr. EES-samnings er kveðið á um að hvers kyns aðstoð sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.

Arcus Produkter AS á í samkeppni við önnur fyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu sem annast framleiðslu og átöppun á áfengum drykkjum, svo sem víni og brenndum drykkjum, þ.e. vörum sem verslað er með í ríkum mæli á öllu svæðinu sem EES-samningurinn tekur til.

Arcus Distribusjon AS annast dreifingu á áfengum drykkjum og að nokkru leyti á lyfjum. Verslað er með viðkomandi vörur í ríkum mæli á alþjóðavettvangi og fyrirtækið á í samkeppni við aðila sem veita sambærilega þjónustu bæði innanlands og á öðrum hlutum svæðisins sem EES-samningurinn tekur til.

Hvers kyns aðstoð sem felst í fjármögnun á Arcus-samstæðunni kann því að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti á svæðinu sem EES-samningurinn tekur til og getur því talist aðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Í samræmi við 1. mgr. í 20.3 í „Málsmeðferð og efni reglna á sviði ríkisaðstoðar“ sem eftirlitsstofnunin samþykkti 19. janúar 1994<sup>(7)</sup> (leiðbeiningar um ríkisaðstoð) verður að fara eins með opinber fyrirtæki og einkafyrirtæki sem starfa á líkum sviðum og við sambærilegar efnahags- og fjárhagslegar aðstæður hvað varðar fjármögnun. Ef opinbert fé er hins vegar lagt fram með skilmálum sem eru hagstæðari (þ.e. í efnahagslegum skilningi ódýrari) en einkaeigandi myndi gera fyrir einkafyrirtæki í sambærilegri fjárhagslegri og samkeppnislegri stöðu, þá væri hið opinbera fyrirtæki að njóta fríðinda sem einkafyrirtækið ætti ekki kost á frá eigendum sínum. Hlutleysisreglan milli opinberra fyrirtækja og einkafyrirtækja er rofin í þessu tilviki, nema þegar hin hagstæðari staða opinberra fyrirtækisins er skoðuð sem aðstoð og metin með tilliti til einnar af undantekningunum við samninginn.

Í samræmi við 3. mgr. í 20.3 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð skiptir ekki máli hvað varðar beitingu 1. mgr. 61. gr. hvort framlagt eigið fé til opinbers fyrirtækis kemur beint frá ríkinu eða óbeint frá eignarhaldsfélagi ríkisins eða öðrum opinberum fyrirtækjum. Viðskiptin í tengslum við fjármögnun Arcus-samstæðunnar geta því fallið undir hugtakið ríkisfjármuni.

Matið sem eftirlitsstofnunin beitir er í samræmi við 4. mgr. í 20.3 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð og byggir á „markaðsfjárfestareglunni“. Því verður eftirlitsstofnunin að rannsaka „*sérstaklega hvort einkahluthafi myndi við svipaðar aðstæður með tilliti til þess hvort hægt sé að búast við ávöxtun og burtséð frá öllum félagslegum sjónarmiðum, byggðarsjónarmiðum og atvinnugreinasjónarmiðum, leggja fram umrætt fé*“<sup>(8)</sup>.

Því ber eftirlitsstofnuninni í samræmi við 2. mgr. í 20.3 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð að nota ‘markaðsfjárfestaregluna’ „*sem viðmiðun þegar skorið er úr um hvort um aðstoð sé að ræða og ef svo er hvernig beri að meta hana.*“

<sup>(7)</sup> Stjótið. EB nr. L 240, 15. 9. 1994 og EES-viðbætur við Stjótið. EB nr. 34, 15. 9. 1995.

<sup>(8)</sup> Mál 40/85 Belgía gegn framkvæmdastjórninni [1986] dómasafn dómstóls Evrópubandalaganna, bls. 2321.

## Mat á eignum sem fluttar voru frá A/S Vinmonopolet

Hvers kyns vanmat á eignum sem fluttar voru frá A/S Vinmonopolet telst vera aðstoð við Arcus-samstæðuna ef komist er að raun um að þessi fyrirtæki njóta hagnaðar af því að þurfa ekki að bera fullan kostnað af eign sem keypt er af ríkinu.

Mat umkvörtunaraðila á meintu vanmati að upphæð 1,5 milljarðar NOK byggir meðal annars á fjárfestingum A/S Vinmonopolets undanfarin ár, sem og stærð og hagstæðri staðsetningu eigna og húseigna Arcus-samstæðunnar í Osló, Björgvin og Þrándheimi.

Eftirlitsstofnunin dregur ekki í efa gildi tiltekinna athugasemda sem umkvörtunaraðili telur til. Mat umkvörtunaraðila er þó byggt á of rýrum upplýsingum til að unnt sé að fallast á að þær gefi mynd af raunvirði eigna sem fluttar voru til Arcus-samstæðunnar.

Eftirlitsstofnunin hefur kannað þær skýringar og upplýsingar sem norsk yfirvöld lögðu fram.

Eftirlitsstofnunin dregur ekki í efa mikilvægi þess að nota afvöxtuðu sjóðstreymiaðferðina til að meta virði sjóðstreymis Arcus-samstæðunnar sem fyrirtækis í fullum rekstri.

Eftirlitsstofnunin tiltók að þrátt fyrir að viðurkennd endurskoðunar- og ráðgjafarfyrirtæki hefðu metið A/S Vinmonopolet, hefði stýrihópur skipaður fulltrúum fjögurra ráðuneyta haft eftirlit með útreikningum. Stýrihópurinn bar endanlega ábyrgð á skýrslunni. Því er ekki unnt að líta á niðurstöður útreikninganna sem byggja á afvöxtuðu sjóðstreymiaðferðinni og skýrt er frá í D&T-skýrslunni sem óháð mat.

D&T-skýrslan sýnir að flutningur meginframleiðslustarfseminnar til Oslóar leiði hugsanlega til sparnaðar og söluhagnaðar fyrir Arcus-samstæðuna, eða að öðrum kosti til leigutekna af eignunum í Björgvin og Þrándheimi. Þetta sýnir greinilega að áætlað virði að fjárhæð 357 milljónir NOK byggir á útreikningi sem grundvallast á skipulagi fyrir Arcus-samstæðuna sem ekki sé það hagstæðasta. Því getur eftirlitsstofnunin ekki á þessu stigi fallist á að raunsær markaðsfjárfestir hefði samþykkt mat sem ekki væri byggt á þeim kosti sem bestur væri í efnahagslega tilliti.

Ennfremur getur eftirlitsstofnunin á þessi stigi ekki fallist á að mat sem er eingöngu byggt á afvöxtuðu sjóðstreymiaðferðinni sé fullnægjandi til að ákvarða markaðsvirði á eignum sem fluttar voru til Arcus-samstæðunnar. Þrátt fyrir að þessi aðferð geti í einstökum tilvikum átt við til að ákvarða virði fyrirtækis á tiltölulega réttan hátt, verður að viðurkenna að hún metur eingöngu núvirði fyrirtækis sem byggt á áætluðu sjóðstreymi vegna starfsemi fyrirtækisins. Aðferðin sýnir því nafnvirði sem ekki endilega er hægt að telja að endurspegli markaðsvirði ákveðinna eigna, svo sem þeirra eigna og bygginga sem voru fluttar til Arcus-samstæðunnar.

Eftirlitsstofnunin hefur veitt öðrum ákveðnum atriðum athygli sem auka efasemdir hennar um að upphafsjöfnuður Arcus-samstæðunnar hafi verið réttur:

- Óháður matsmaður hefur metið virði eigna og bygginga á 355 milljónir NOK. Að auki er tækjabúnaður metinn á 70 milljónir NOK. Samanlagt virði fastafjármuna er hins vegar einungis talið 175 milljónir NOK í upphafsjöfnuði Arcus-samstæðunnar.
- Í D&T-skýrslunni er viðurkennt að hagnaður Arcus-fyrirtækjanna sé líklega ekki nægilegur til að greiða fyrir markaðsleigu á eignum í Osló, Björgvin og Þrándheimi<sup>(9)</sup>.
- Uppgjörsvirði er alla jafna talið vera lágmarskvirði fyrirtækis. Þó er uppgjörsvirðið sem norsk yfirvöld lögðu fram 30 milljónum NOK hærra en bókfært virði Arcus-samstæðunnar. Þrátt fyrir að eftirlitsstofnunin hafi veitt því athygli að norsk yfirvöld telji að um sé að ræða minniháttar mismun, hefur hún einnig tekið til þess að norsk yfirvöld hafa meðal annars ekki lagt fram sannfærandi upplýsingar um mat þeirra á hugsanlegum kostnaði í tengslum við uppsagnir o.s.frv. (406 milljónir NOK). Því er ekki hægt að útiloka að nánari athugun kunni að leiða í ljós meiri mismun en 30 milljónir NOK.

<sup>(9)</sup> D&T-skýrslan, 5. liður (bls. 36).

Ákvörðun á markaðsvirði fyrirtækis mun ávalt fela í sér afstæða og vandmeðfærilega þætti. Því verður eftirlitsstofnunin að viðurkenna að allar aðferðir sem notaðar eru við að meta eignir í viðskiptum náinna aðila feli í sér óvissuþætti.

Eftirlitsstofnunin er þó sem stendur ekki sannfærð um að það mat sem norsk stjórnvöld lögðu fram samsvari því sem kaupandi sem er vel að sér og tilbúin til að kaupa myndi telja raunvirði og vera reiðubúinn til að greiða fyrir eignirnar sem fluttar voru til Arcus-samstæðunnar. Því telur eftirlitsstofnunin að þörf sé á frekari athugun á söluvirði og virði fyrirtækja Arcus-samstæðunnar í rekstri svo unnt sé að meta hana rétt.

#### **Fjármögnun til að mæta endurskipulagningarkostnaði**

Eftirlitsstofnunin fellst á að umskipti úr einokunaraðstöðu yfir í samkeppnismarkað fyrir dreifingu á áfengum drykkjum kunni að hafa gert nauðsynlegt að endurmeta eignir A/S Vinmonopolets. Eftirlitsstofnunin fellst einnig á að aðskilnaðurinn kunni að hafa haft í för með sér tiltekinn endurskipulagningarkostnað fyrir A/S Vinmonopolet sem Arcus AS kann að þurfa að mæta, m.a. kostnað í tengslum við tilteknar lagalegar skuldbindingar gagnvart fyrrverandi starfsmönnum A/S Vinmonopolets.

Bætur vegna uppsagna og snemmbærra starfsloka sem greiddar eru milliliðalaust til starfsmanna sem sagt er upp teljast ekki vera ríkisaðstoð sem fellur undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins að svo miklu leyti sem fyrirtækið varðar. Hins vegar ef ríkisfjármunir eru notaðir til að styrkja endurskipulagningu í tilteknum atvinnugreinum eða fyrirtækjum, kann það að hafa í för með sér ríkisaðstoð vegna þess að fjármunirnir eru notaðir á sértækan hátt.

Þegar fyrirtæki samkvæmt vinnulöggjöfinni eða kjarasamningum er skuldbundið til að greiða uppsagnarbætur og/eða bætur vegna snemmbærra starfsloka fellur það undir eðlileg útgjöld sem fyrirtækið verður að greiða af eigin fjármunum. Þegar svo háttar ber að skoða sérhvert opinbert framlag vegna þessa kostnaðar sem aðstoð. Þetta gildir óháð því hvernig greiðslum til fyrirtækisins er háttað.

Að því marki sem hluti fjármagns sem fluttur var frá A/S Vinmonopolet til Arcus AS til að mæta endurskipulagningarkostnaði er eingöngu notaður til að mæta kostnaði sem tengist samningsbundnum skuldbindingum A/S Vinmonopolet við fyrrverandi starfsmenn þá telst þessi hluti ekki ríkisaðstoð. Ef nauðsynlegt er að meta hvort um er að ræða ríkisaðstoð í þágu einstakra fyrrverandi starfsmanna A/S Vinmonopolet, mun eftirlitsstofnunin þó taka jákvæða afstöðu við aðstæður þegar unnt er að sýna fram á að aðstoðin, með því að stuðla að skipulagsumbótum og draga úr erfiðleikum, hefur í för með sér efnahagslegan ábata sem nær út fyrir hagsmuni viðkomandi fyrirtækis.

Jafnframt því að mæta kostnaði vegna uppsagnargreiðslna og snemmbærra starfsloka er aðstoð oft veitt vegna tiltekinnna endurskipulagningarmála svo sem þjálfunar, ráðgjafar og sérstakrar aðstoðar við að útvega atvinnu, aðstoð vegna flutninga og starfsþjálfunar og vegna starfsmanna sem setja á fót ný fyrirtæki. Eftirlitsstofnunin tekur alla jafna jákvæða afstöðu til slíkrar aðstoðar.

Hins vegar hefur eftirlitsstofnunin efasemdir um aðstoð sem ber einkenni rekstraraðstoðar. Slíkt myndi vera talið eiga við ef hluta fjármagnsins væri hægt að nota til að styrkja fjárhagsstöðu Arcus-samstæðunnar eða skaða á annan hátt samkeppnisaðila hennar. Sama myndi gilda ef hægt væri að nota fjármagn ætlað til endurskipulagningar til að uppfylla nýjar skuldbindingar af hálfu Arcus-samstæðunnar gagnvart starfsmönnum sínum þar sem slíkur kostnaður teldist eðlilegur kostnaður sem fyrirtæki bæri að greiða af eigin fjármunum.

Þó hafa eftirlitsstofnuninni ekki enn borist neinar upplýsingar sem sýna að norsk yfirvöld hafi lagt á takmarkanir hvað varðar notkun Arcus-samstæðunnar á 226 milljónum NOK frá A/S Vinmonopolet. Á meðan ekki liggja fyrir upplýsingar um hugsanleg skilyrði fyrir notkun Arcus-samstæðunnar á þessu fé, er ekki unnt að útiloka að það verði notað til að mæta rekstrarkostnaði.

Því verður eftirlitsstofnunin að draga þá ályktun á grundvelli tiltækra upplýsinga að 226 milljónir NOK sem lagðar voru fram af A/S Vinmonopolet til að mæta endurskipulagningarkostnaði teljist til ríkisaðstoðar í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

(10) Stjtið. EB C 14/4, 19. 1. 1995 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 1, 19. 1. 1995.

## Undanþágur

Hvað varðar beitingu einstakra ákvæða um undanþágu frá almenna banninu við ríkisaðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, bendir eftirlitsstofnunin á að henni hafa ekki borist neinar upplýsingar frá norskum yfirvöldum sem gefa tilefni til að þau telji að einhver undanþágureglanna samkvæmt 2. eða 3. mgr. 61. gr. eigi við.

Í a-lið 2. mgr. 61. gr. er kveðið á um að aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum skuli samrýmast framkvæmd EES-samningsins enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara eða þjónustu. Þar sem Arcus-samstæðan hefur ekki félagslegt markmið og hugsanleg aðstoð yrði ekki í þágu einstakra neytenda heldur tiltekins fyrirtækis gildir þetta ákvæði ekki. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 61. gr. um bætur vegna tjóns af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða á greinilega ekki við hér og sama gildir um c-lið 2. mgr. 61. gr. um aðstoð til ákveðinna svæða í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Í 3. mgr. 61. gr. er kveðið á um fjögur mismunandi undanþáguákvæði (a-d) en samkvæmt þeim telst aðstoð samrýmanleg framkvæmd samningsins. Ákvæði b-liðar 3. mgr. 61. gr. varðar „aðstoð til að til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis EB eða EFTA-ríkis” og ákvæði d-liðar 3. mgr. 61. gr. varða „aðstoð af öðru tagi sem sameiginlega EES-nefndin kann að tiltaka í samræmi við VII. hluta” í EES-samningnum. Hvorugt ákvæðanna á við í þessu tilviki. Þá er eingöngu um að ræða undanþáguákvæði a- og c-liðar 3. mgr. 61. gr.

Ljóst er af athuguninni sem eftirlitsstofnunin framkvæmdi í tengslum við ákvörðun sína frá 16. nóvember 1994<sup>(10)</sup> um kort yfir svæði í Noregi sem njóta aðstoðar að Osló, Björgvin og Þrándheimur þar sem fyrirtæki Arcus-samstæðunnar starfa eiga hvorki rétt á svæðisaðstoð samkvæmt a-lið 3. mgr. 61. gr. sem „svæði þar sem lífskjör eru óvenju bágborin eða atvinnuleysi mikið” né er þessa staði að finna á kortinu yfir svæði sem eiga rétt á svæðisaðstoð samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. Því er ekki unnt að veita undanþágu samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. sem aðstoð til að „greiða fyrir þróun ... ákveðinna efnahagssvæða endi hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum”.

Arcus-samstæðan á ekki í fjárhagslegum erfiðleikum hvorki hvað varðar eigið fjármagn né útvegum fjármagns. Eftirlitsstofnunin telur því ekki að undanþága samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. um aðstoð til „að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins ... enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum”, samanber reglur um aðstoð til björgunar og endurskipulagningar fyrirtækja í erfiðleikum sem um getur í 16. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð, geti átt við gagnvart Arcus-samstæðunni sem fyrirtækjum. Í ljósi frekari upplýsinga er þó ekki unnt að útiloka að tiltekinn hluti fjármögnunar sem ætlaður er til að mæta endurskipulagningarkostnaði geti talist aðstoð til að mæta félagslegum kostnaði við endurskipulagningu í samræmi við mgr. 16.3.2.5. í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð.

Svo virðist að ekki sé unnt að beita reglunum um aðstoð til atvinnumála í 18. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð þar sem eftirlitsstofnuninni hafa ekki borist neinar upplýsingar um hugsanleg áform um að skapa hrein viðbótarstörf í þágu tiltekinna hópa sem eiga í sérstökum erfiðleikum á vinnumarkaðinum eða um sambærileg markmið.

Starfsmannafjöldi Arcus-samstæðunarinnar og fjármálavísbendar gefa til kynna að ekki sé unnt að líta á hana sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki í samræmi við skilgreininguna á litlu eða meðalstórru fyrirtæki (LMF) í þætti 10.2 í leiðbeiningunum um ríkisaðstoð. Reglurnar um aðstoð við LMF í 10. kafla leiðbeininganna um ríkisaðstoð eiga því ekki við.

Því virðist að að svo miklu leyti sem um aðstoð er að ræða í viðskiptunum sem eru til athugunar myndi hún fyrst og fremst bæta fjárhagsstöðu Arcus-samstæðunnar og/eða gera fyrirtækinu kleift að halda meiri markaðshlutdeild en ella væri hægt. Hugsanleg aðstoð myndi ekki tengjast upphaflegri fjárfestingu, sköpun starfa eða neinu öðru tímabundnu verkefni og myndi því teljast rekstraraðstoð.

### Tilkynning

Norsk yfirvöld véfenga að um aðstoð hafi verið að ræða við flutning á eignum til Arcus-samstæðunnar og hafa lýst yfir að á þeim grundvelli séu þau ekki skuldbundinn til að tilkynna eftirlitsstofnuninni um þau fjárhagslegu viðskipti er um ræðir. Viðskiptin hafa átt sér stað án fyrirfram samþykkis eftirlitsstofnunarinnar.

Hvers kyns aðstoð sem felst í viðskiptunum sem um getur í þessari ákvörðun mun því endanlega teljast vera aðstoð sem ekki var tilkynnt um, þ.e. ólögmat aðstoð á grundvelli málsmeðferðar. Þegar eftirlitsstofnunin tekur neikvæða ákvörðun í málum sem varða ólögmat aðstoð er það meginregla hennar að fyrirskipa EFTA-ríkinu að krefja styrkþega um að endurgreiða aðstoðina.

### Niðurstöður

Á grundvelli upplýsinga sem liggja fyrir í málinu er eftirlitsstofnunin ekki fullviss um að matið sem norsk stjórnvöld lögðu fram sýni raunvirði eigna sem fluttar voru til Arcus-samstæðunnar. Því er þörf á frekari rannsókn. Ennfremur verði á þessu stigi málsins að telja þær 226 milljónir NOK sem A/S Vinmonopolet lagði fram til að mæta endurskipulagningarkostnaði sem ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

Því hlýtur eftirlitsstofnunin að álykta að hefja beri málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Ákvörðun um að hefja málsmeðferð útilokar ekki að endanlega verði komist að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið um aðstoð að ræða né að hugsanleg aðstoð samrýmist framkvæmd EES-samningsins. Markmiðið með málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 1. gr. í bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er að tryggja að framkvæmd sé heildarrannsókn á málinu sem tryggi öllum viðkomandi aðilum rétt til að láta álit sitt í ljós.”

Eftirlitsstofnun EFTA veitir hér með EFTA-ríkjum, aðildarríkjum EB og aðilum sem eiga hagsmuna að gæta frest til að koma á framfæri athugasemdum sínum við umræddar aðgerðir innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar við:

EFTA Surveillance Authority  
74, rue de Trèves  
B - 1040 Bruxelles

Athugasemdunum verður komið á framfæri við norsk stjórnvöld

## EFTA-DÓMSTÓLLINN

**Mál höfðað þann 5. desember 1996 af Paul Inge Hansen gegn  
eftirlitsstofnun EFTA****97/EES/7/03****(Mál E-7/96)**

Þann 5. desember 1996 var mál höfðað gegn eftirlitsstofnun EFTA fyrir EFTA-dómstólnum af Paul Inge Hansen, flutt af lögfræðingnum Jan E. Strand, Olav Trygvasonsgt. 40, N-7011 Trondheim, Norge.

Sóknaraðili gerir eftirfarandi kröfur:

„1. Eftirlitsstofnun EFTA skuldbindi sig til að taka eftirfarandi ákvörðun:

**I**

- a. Norska vinnumiðlunin eins og hún starfar nú brýtur gegn ákvæðum EES-samningsins.
- b. Norska ríkisstjórnin skuldbindi sig til að gera hreyfihömluðum einstaklingum og þeim sem búa við skerta starfsgetu kleift að sækja um störf á vinnumarkaðinum, ef þeir óska þess, á sama hátt og væru þeir heilbrigðir.
- c. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að afnema vinnumiðlunareinokun.
- d. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að gera Rebecca-líknarstofnuninni kleift að taka þátt í áætlunum ESB fyrir hreyfihamlaða einstaklinga og þá sem búa við skerta starfsgetu.
- e. Norsk stjórnvöld skuldbindi sig til að veita Rebecca-líknarstofnuninni nauðsynlegt samþykki til
  - x. að reka atvinnustarfsemi
  - y. að annast einkaráðningar

fyrir fólk í Noregi sem eftirfarandi þættir almannatryggingalaga eiga við um eða kunna að eiga við um:

- i. 3 - sjúkdómar
- ii. 5 - endurhæfing
- iii. 8 - fötlun
- iv. 11 - starfsörorka

eða sem tilheyrir þeim hópi manna sem teljast hreyfihamlaðir eða hafa skerta starfsgetu.

- f. Norsk stjórnvöld skuldbindi sig til að tryggja að Rebecca-líknarstofnunin geti komið á fót og rekið starfsemi sína með sömu meginskilyrðum og á sama hátt og norsk stjórnvöld.
- g. Norsk stjórnvöld skuldbindi sig til þess að gera nauðsynlegar lagabreytingar í þá átt að samræma norsk lög að ákvæðum EES-samningsins.



## II

Til að tryggja framkvæmd I. liðar skal norskum stjórnvöldum fyrirskipað að stuðla að eftirfarandi:

- a. Vinnumiðlunin í Noregi skal opin meðlimum Rebecca-líknarstofnunarinnar með
    - x. að minnsta kosti 13 % af áætluðum 100 000 hreyfihamlaðra einstaklinga í Noregi sem koma til greina hvað varðar atvinnumiðlun í Noregi, þ.e. 13 000 aðilar,
    - y. að minnsta kosti 12 % af áætluðum 100 000 einstaklinga með skerta starfsgetu í Noregi sem koma til greina hvað varðar atvinnumiðlun í Noregi, þ.e. 12 000 aðilar.
  - b. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að útvega Rebecca-líknarstofnuninni nægilegt fé að hámarki 25 milljónir NOK, til uppbyggingar og reksturs starfseminnar.
  - c. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að greiða bætur til Rebecca-líknarstofnunarinnar og/eða Paul Inge Hansen að hámarki 4 milljónir NOK, til að mæta áorðnu tapi þar til dómur hefur verið uppkveðinn.
  - d. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að greiða lögfræðikostnað sóknaraðila vegna meðferðar kærunnar af hálfu eftirlitsstofnunar EFTA að hámarki 250 000 NOK.
2. Eftirlitsstofnun EFTA greiði allt að 300 000 NOK í bætur til Rebecca-líknarstofnunarinnar og/eða Paul Inge Hansen.
  3. Eftirlitsstofnun EFTA greiði málskostnað sóknaraðila.”

Aðrar kröfur sóknaraðila sem geta komið í stað framannefndra krafa:

„1. Eftirlitsstofnun EFTA skuldbindi sig til að taka eftirfarandi ákvörðun:

- a. Sama og í meginkröfu.
  - b. Sama og í meginkröfu.
  - c. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að binda enda á vinnumiðlunareinokun í Noregi.
  - d. Sama og í meginkröfu.
  - e. Norskum stjórnvöldum skuli fyrirskipað að greiða bætur til Rebecca-líknarstofnunarinnar og/eða Paul Inge Hansen að fjárhæð allt að 29 250 000 NOK.
  - f. Sama og í meginkröfu í g-lið I-liðar.
2. Eftirlitsstofnun EFTA greiði 300 000 NOK í bætur til Rebecca-líknarstofnunarinnar og/eða Paul Inge Hansen.
  3. Eftirlitsstofnun EFTA greiði málskostnað sóknaraðila.”

Aðrir kostir:

„1. Norsk stjórnvöld skulu dæmd í samræmi við I. og II. lið í meginkröfu.

2. Eftirlitsstofnun EFTA greiði 300 000 NOK í bætur til Rebecca-líknarstofnunarinnar og/eða Paul Inge Hansen.
3. Norsk stjórnvöld og eftirlitsstofnun EFTA greiði sameiginlega málskostnað sóknaraðila.”

Lagalegar forsendur og meginrök:

- Paul Inge Hansen, sóknaraðili, stofnandi Rebecca-líknarstofnunarinnar sem er norsk líknarstofnun með það markmið að styrkja hreyfihamlaða, einkum með tilliti til atvinnutækifæra, lagði 1. janúar 1996 fram kæru til eftirlitsstofnunar EFTA þar sem staðhæft var að norsk stjórnvöld hefðu brotið gegn 53. og 54. gr. EES-samningsins, sbr. 58. og 59. gr., með ólögmætri neitun um viðskipti í gegnum ríkiseinokunarfyrirtæki. Sóknaraðili heldur því fram að eftirlitsstofnun EFTA hafi látið hjá líða að fjalla um kæru hans.
- Sóknaraðili vísar til 3. undirgreinar 37. gr. í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, sem undirritaður var 2. maí 1992. Sóknaraðili staðhæfir ennfreður að eftirlitsstofnun EFTA hafi látið ógert að koma í veg fyrir neitun um að stofnsetja fyrirtæki.
- Þann 8. ágúst 1996 beindi sóknaraðili þeim tilmælum til eftirlitsstofnunar EFTA að þau aðhefðust í samræmi við 2. undirgrein 37. gr. í samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/36.365: NEC + Packard Bell + Bull)

97/EES/7/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. janúar 1997 tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62<sup>(1)</sup> stofnað af NEC Corporation (NEC) Japan, Compagnie des Machines Bull S.A. (CMB), Frakklandi, Packard Bell Electronics Inc. (sem nú heitir Packard Bell NEC Inc)(PB), Bandaríkjunum og einstökum hluthöfum í PB.

Samkvæmt tilkynntum samningum hafa fyrirtækin Bull og NEC hvort um sig öðlast minnihluta í PB sem nemur u.þ.b. 44% af öllu hlutafé í PB fyrir NEC og milli 16% og 26% fyrir Bull. Hvorum eignarhluta fylgir 19% af hlutafjártengdum atkvæðisrétti í PB. Ennfremur hefur CMB selt PB öll útgefin hlutabréf sem tengjast viðskiptum fyrirtækisins með einkatölvur, á meðan NEC hefur flutt ákveðnar eignir sem fylgja viðskiptum þess með einkatölvur víða um heim til PB, að undanskildum viðskiptum með einkatölvur í Japan, Kínverska alþýðulýðveldinu og Kyrrahafslöndum Asíu. Í kjölfarið hefur NEC hætt viðskiptum á evrópska markaðinum fyrir einkatölvur nema í gegnum eignarhluta í PB, á meðan CMB heldur áfram á þeim markaði, en aðeins sem dreifiaðili og annast þá fyrst og fremst dreifingu á vörum NEC/PB/Bull. PB er einnig með dreifinet í ESB.

NEC og PB hafa einnig ákveðið að sameina viðskipti sín á sviði einkatölvumiðlara í Bandaríkjunum og Evrópu. Þó staðhæfa samningsaðilar að þegar samningarnir voru gerðir hafi hvorki NEC né PB starfað á evrópska markaðinum fyrir einkatölvumiðlara.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynnta aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 44, 12. 2. 1997. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (+32 2 296 98 09) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/36.365, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorate C  
Office 3/103  
150, Avenue de Cortenberg  
B-1040 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.802 - Telecom/Eireann)**

**97/EES/7/05**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 12. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0802. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu  
(Mál nr. IV/M.862 - AXA/UAP)**

**97/EES/7/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 20. 12. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CLX“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0862. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP  
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)  
2, rue Mercier  
L-2925 Luxembourg  
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 37/96**  
**Þýskaland**

**97/EES/7/07**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar áformaða þýska aðstoð vegna óefnislegra fjárfestinga í tengslum við 25. rammaáætlun fyrir sameiginlega áætlun sambandsríkjastjórnarinnar og ríkjanna til að stuðla að bættri svæðisbundinni efnahagsuppyggingu (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 35 frá 4. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 53/96**  
**Þýskaland**

**97/EES/7/08**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar séráætlun um ábyrgðir sem Saxland-Anhalt gengur í fyrir fyrirtæki í erfiðleikum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 35 frá 4. 2. 1997).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

European Commission  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við þýsk stjórnvöld.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 17/91**  
**Ítalía**

**97/EES/7/09**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans sem hafin var 19. apríl 1991 hvað varðar aðstoð sem Ítalía veitti til endurskipulagningar á farmflutningum á vegum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 38 frá 7. 2. 1997).

## Heimild fyrir ríkisaðstoð í samræmi við 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 97/EES/7/10 Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun sem tekur til björgunar og endurskipulagningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum en skipta miklu máli fyrir vinnumarkaðinn og svæðisuppbýggingu í Freie Hansestadt Bremen, ríkisaðstoð nr. N 219/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun til að stuðla að auknum rannsóknum og þróun meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Saxlandi-Anhalt, ríkisaðstoð nr. N 265/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun í því skyni að stuðla að aukinni rannsóknar- og þróunarstarfsemi í Mecklenburg-Vorpommern, ríkisaðstoð nr. N 863/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt fjórar spænskar aðstoðaráætlanir vegna atvinnumála í Castilla y León, ríkisaðstoð nr. N 456/96, 457/96, 458/96 og 459/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska áætlun um fjárfestingaraðstoð til að bæta ástand í atvinnumálum, ríkisaðstoð nr. N 600/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska áætlun um aðstoð til fyrirtækja á svæðinu Meuse/Vesdre, ríkisaðstoð nr. N 631/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun til að stuðla að traustum rekstri og nýbreytni fyrirtækja sem verið er að koma á fót, sem og rekstraraðstoð, ríkisaðstoð nr. N 618/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun vegna svæðapróunar í nýju ríkjunum, ríkisaðstoð nr. N 619/B/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt breska aðstoðaráætlun um stuðning við lítil og meðalstór fyrirtæki sem selja aukahluti í bíla á marksvæði 2 í West Midlands, ríkisaðstoð nr. 42/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun vegna svæðapróunar í nýju ríkjunum, ríkisaðstoð nr. N 689/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun vegna endurskiplagningar á atvinnustarfsemi á kolanámu svæðum, ríkisaðstoð nr. N 713/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun sem miðar að því að draga úr hættu af iðnaðarstarfsemi á þéttbýlissvæðum og hættu vegna geymslu á ammoníki, ríkisaðstoð nr. N 684/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska aðstoðaráætlun sem gerir fyrirtækjum á svæðinu Pyrenées-Alpes-Côte d'Azur kleift að koma þróunaráætlunum til framkvæmda og fá aðgang að lánunum sem henta betur þörf þeirra hvað varða tíma, vexti og ábyrgðir, ríkisaðstoð nr. NN 147/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun um þróun á nýjum vistfræðilegum aðferðum og vinnslu í því skyni að draga úr umhverfisspjöllum og sem smám saman stuðla að hreinna umhverfi í ríkinu Saxlandi-Anhalt, ríkisaðstoð nr. N 198/96 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði iðnaðar og verslunar til að þróa nýjar vörur, tækni og framleiðsluaðferðir, ríkisaðstoð nr. N 236/96 (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt portúgalska aðstoðaráætlun um að bæta fjárhagsstöðu fyrirtækja: APER II, ríkisaðstoð nr. N 428/96 (sjá nánari útlístun í Stjtið. EB nr. C 25 frá 25. 1. 1997).

**Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á auglýsingu frá 97/EES/7/11  
3. september 1986 um minniháttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr.  
85. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin birti auglýsingu um endurskoðun á auglýsingu frá 3. september 1986 um minniháttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans í Stjtið. EB nr. C 29. 30. 1. 1997).

Í greinargerð leggur framkvæmdastjórnin til að breyta auglýsingu um minniháttar samninga sem falla ekki undir 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans. Markmiðið með breytingunum er:

- að gera textann skýrari í lagalegum skilningi til að auðvelda beitingu hans og bæta réttaröryggi fyrirtækja,
- að aðlagja textann að þróun laga bandalagsins hvað varðar samkeppnishömlur og gera hann raunhæfari í efnahagslegum skilningi,
- að forðast að fyrirtæki og skrifstofur framkvæmdastjórnarinnar standi í óþarfa stjórnsýsluvafstri sem fylgir beiðnum og tilkynningum á samningum sem augljóslega hafa ekki nein veruleg áhrif á viðskipti innan bandalagsins eða á samkeppni (sjá nánari útlístun í fyrrnefndum Stjtið. EB).

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

97/EES/7/12

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtfð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtfð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtfð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>96-0464-D</b>	Tæknilegar reglugerðir er varða fyrirmæli um þrýstihylki - leiðslukerfi - byggingarforskriftir fyrir leiðslukerfi úr hitaplasi - TRR 120	<b>26.2.1997</b>
<b>96-0465-D</b>	Tæknilegar reglugerðir er varða fyrirmæli um þrýstihylki - leiðslukerfi - byggingarforskriftir fyrir leiðslukerfi úr harðplasi sem styrkt er með glertrefjum (GFK) með eða án innri klæðningar - TRR 110	<b>26.2.1997</b>
<b>96-0466-D</b>	Tæknilegar reglugerðir er varða fyrirmæli um þrýstihylki - flát til geymslu á fljótandi lofttegundum, viðauki við TRB 801 nr. 25	<b>26.2.1997</b>
<b>96-0467-UK</b>	Breyting nr. 3 á bresku lyfjaskránni (dýralyf) 1993	<b>28.2.1997</b>
<b>96-0468-D</b>	Fyrirmæli um líkbræðsluofna	<b>24.2.1997</b>
<b>96-0469-FIN</b>	Tillaga að ákvörðun viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins	<b>24.2.1997</b>
<b>96-0470-A</b>	Drög að sambandsríkjalögum um breytingu á verslunarlögum frá 1994, lögum um vinnueftirlit frá 1993 og lögum um meðferð úrgangs (endurskoðuð verslunarlög 1997)	<b>26.2.1997</b>
<b>96-0471-UK</b>	Drög að reglum um kaupfiskiskip sem eru undir 12 metrum að lengd	<b>28.2.1997</b>
<b>96-0472-D</b>	Drög að fyrirmælum um mat á vatnsheldni byggingarvara sem eru notaðar í byggingar í vatni, á grundvelli gagna sem eru í samræmi við byggingareglugerðina (WasBauFVO)	<b>28.2.1997</b>
<b>96-0473-I</b>	Drög að úrskurði um uppfærslu á skránni yfir lífræna jarðvegsnæringu í viðauka 1C við lög nr. 748 frá 19. október 1984 um nýja áburðastaðla	<b>13.3.1997</b>
<b>96-0474-DK</b>	Tækniforskrift um varnarbúnað við ísfæribönd um borð í fiskibátum	<b>28.2.1997</b>
<b>96-0475-F</b>	Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum frá 20. janúar 1995 um lögboðna framkvæmd staðla (sbr. tilkynningu 94/299/F)	<b>28.2.1997</b>
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup> <sup>(5)</sup>		

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

<sup>(5)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.



Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.